

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Deiliskipulagsbreyting ferðaþjónustusvæðis við Árhólma vegna gistiskála.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 12. febrúar 2026 óverulega deiliskipulagsbreytingu vegna ferðaþjónustusvæðis við Árhólma, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, enda er með breytingunni ekki vikið frá notkun, heildarnýtingarhlutfalli, útliti og formi svæðisins. Þar sem ekki aðrir en Hveragerðisbær og lóðarhafi eiga hagsmuna að gæta samþykkir bæjarstjórn að falla frá grenndarkynningu, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting Grænumerkur 10, Heilsustofnun, vegna sólskála við Lækjarbrún.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 12. febrúar 2026 breytingu á deiliskipulagi Grænumerkur 10, Heilsustofnun. Markmið deiliskipulagsbreytingar er að heimila byggingu sólskála á sérafnotareitum við raðhús að Lækjarbrún 1-43. Skilmálar eru um samræmda útfærslu, umfang og litaval. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 18. febrúar 2026.

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 4. mars 2026